

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 19. maí 2021

Mál nr. S-7748/2020:

## Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

Augustin Dufatanye

(Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður)

## Dómur

### I.

#### Ákæra og dómkröfur:

Mál þetta, sem dómtekið var 3. maí 2021, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 5. nóvember 2020, á hendur Augustin Dufatanye, kennitala [...], [...], [...], „fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 21. mars 2019, að dvalarstað sínum að [...] í [...], haft samræði við A, kennitala [...], með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Af þessu hlaut A 2 cm sprungu við innri skapabarm, 0,5 mm sár í gegnum slímhúð með blóði í botni sársins og nokkrar smásprungur í spöng.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er gerð krafa um miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð krónur 2.200.000 auk vaxta [samkvæmt] 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 21. mars 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því ákærða var kynnt bótakrafan en með dráttarvöxtum frá þeim degi [samkvæmt] 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Brotapoli gerir sömu kröfu um miskabætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, og greinir í ákæru. Þá er gerð krafa um að skipuðum réttargæslumanni verði tildæmd þóknun úr ríkissjóði vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi sem taki mið af tímaskýrslu. Ákærði neitar sök og krefst aðallega að málinu verði vísað frá dómi, í annan stað að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Að þessu frátöldu krefst ákærði þess til vara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa og að hann verði sýknaður af bótakröfu. Þessu til viðbótar er þess krafist að skipuðum verjanda ákærða verði tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði sem taki mið af tímaskýrslu.

## II.

### Málavextir:

#### 1.

A, hér eftir nefnd brotapoli, fór ásamt vinnufélögum sínum í miðborgina um hádegisbil miðvikudaginn 20. mars 2019 og var þar fram yfir miðnætti samhliða því að hitta annað fólk og var áfengi haft um hönd. Brotapoli var undir áhrifum áfengis og skildu leiðir hennar og samferðafólks um klukkan 01:00 um nóttina. Þau voru þá á veitingastaðnum Kalda Bar að Laugavegi 20b. Brotapoli hafði þá um kvöldið hitt og verið í samskiptum við ákærða og fleiri á staðnum en þau þekktust ekki fyrir. Tímasetningar atvika eru nokkuð á reiki eftir að hún yfirgaf veitingastaðinn og er ágreiningur um hvað gerðist eftir þann tíma.

Að sögn brotapola vaknaði hún um klukkan fimm eða sex umræddan morgun klæðlítill í ókunnugri íbúð í fjölbýlishúsi. Ágreiningur er í málinu hvort eða hvernig þessi atvik voru, þar með talið hvort hún kom nokkurn tímann inn í íbúðina og hvort maðurinn hafði við hana samræði. Að sögn brotapola leiddi þetta til þess að hún fór á fætur, klæddi sig og hraðaði sér á brott með leigubifreið heim til sín í nálægt íbúðarhverfi. Þegar þangað var komið stuttu síðar tók eiginmaður hennar á móti henni. Hann var þá ítrekað búinn að reyna að ná símasambandi við hana frá því um klukkan fjögur um nóttina.

Síðar sama dag, klukkan 13:30, leitaði brotapoli á neyðarmóttöku í fylgd með eiginmanni sínum. Þar gaf hún stutta frásögn fyrir hjúkrunarfræðingi um hvað hefði gerst en hún taldi að brotið hefði verið gegn sér kynferðislega. Gekkst hún undir sýnatökur vegna alkóhólrannsóknar. Þá var kallaður til vakthafandi lögmaður á vegum neyðarmóttöku sem fylgdi brotapola í framhaldi sama dag á lögreglustöðina á Hverfisgötu til skýrslugjafar með réttarstöðu vitnis. Skýrslutakan hófst klukkan 14:42 og henni lauk klukkan

15:22 þar sem hún greindi frá atvikum eins og þau horfðu við henni. Eiginmaður brotaþola gaf einnig skýrslu vitnis á svipuðum tíma og greindi stuttlega frá atvikum. Að loknum þeim skýrslutökum fór brotaþoli aftur á neyðarmóttöku þar sem hún gekkst undir læknisfræðilega skoðun um klukkan 16:00, þar með talið kvenskoðun og sýnatöku vegna DNA-rannsóknar. Síðar um kvöldið var tekin skýrsla af vitni, einum af fyrrgreindum vinnufélögum brotaþola.

Næstu daga á eftir aflaði lögregla gagna úr eftirlitsmyndavélum frá Kalda Bar, auk annars myndefnis af sama toga. Aflað var upplýsinga frá leigubifreiðastöð, auk fjarskiptagagna frá símafyrirtæki varðandi síma brotaþola. Einnig var lagt hald á gögn úr síma brotaþola, staðsetningargögn, gögn úr heilsuforriti o.fl. Með þessu fékkst betri mynd á tímasetningar og ferðir hennar umrædda nótt, sem og hvaða maður það var sem hún hafði verið í samskiptum við umrædda nótt eftir að hafa verið á fyrrgreindum veitingastað. Enn fremur var unnið úr haldlögðum sakargögnum, þar með talið úr rannsókn á fatnaði brotaþola og síðar greiningu lífsýna frá neyðarmóttöku.

Brotaþoli gaf skýrslu að nýju 12. apríl 2019 þar sem farið var betur yfir sakarefni málsins, sakargögn, tímasetningar, ferðir, samskipti við meintan geranda o.fl. Rannsókn lögreglu leiddi til þess að ákærði var handtekinn síðar sama dag á heimili sínu og færður á lög-reglustöð. Gaf hann skýrslu síðar um daginn með réttarstöðu sakbornings þar sem hann greindi frá atvikum, eins og þau horfðu við honum, auk þess sem hann samþykkti sýnatöku vegna DNA-rannsóknar. Þá veitti hann heimild fyrir rannsókn á símagögnum, auk þess að samþykkja húsleit á heimili sínu. Húsleitinn fór fram samdægurs að viðstöddum tilnefndum verjanda ákærða. Einnig var aflað upplýsinga frá meðleigjanda ákærða sem var á staðnum, með réttarstöðu vitnis.

Við frekari rannsókn málsins var meðal annars unnið úr sakargögnum. Niðurstaða DNA-rannsóknar lá fyrir 25. júní 2019. Ákærði gaf skýrslu að nýju 9. september sama ár, auk þess sem tekin var skýrsla 23. sama mánaðar af einu vitni til viðbótar, starfsmanni á veitingastaðnum Veðri, Klapparstíg 33, sem var kunnugur brotaþola og hafði verið í samskiptum við hana umrætt kvöld. Um einstök atriði sem komu fram við rannsókn málsins og aðra gagnaöflun vísast til eftirgreindrar reifunar í liðum II/2-12.

## 2.

Í skýrslu hjúkrunarfræðings neyðarmóttöku greinir meðal annars að brotaþoli hafi sagt frá því að hafa verið að skemmta sér kvöldið á undan í miðborginni með vinnufélögum en kvatt þá á téðum veitingastað á fyrrgreindum tíma. Þá hefði hún vaknað um klukkan sex um morguninn í húsnaði í Hlíðahverfi án þess að vita hvernig hún komst þangað.

Hún hefði verið klædd í nærbuxur og bol og þarna í húsnæðinu hefði verið karlmaður á fótum inni á baðherbergi en hann ekkert sagt við hana. Hún hefði klætt sig og sagt við hann að hún þyrfti að fara heim til sín þar sem eiginmaður hennar væri. Hún hefði síðan fundið út hvar hún var stödd og hringt eftir leigubifreið. Jafnframt var skráð í skýrsluna að eiginmaður brotaþola hefði vaknað klukkan 04:00 um nóttina og áttað sig á því að brotaþoli var ekki heima. Það hefði leitt til þess að hann hefði hringt ítrekað í símanúmer brotaþola en hún ekki svarað. Samhliða hefði hann fundið út hvar hún var staðsett með aðstoð staðsetningarbúnaðar í síma hennar.

Í skýrslunni greinir einnig að brotaþoli hafi verið með mikla vanlíðan og grátið hjá hjúkrunarfræðingi, auk þess að vera með verk á kynfærasvæði. Hún hefði greint frá því að hafa drukkið áfengi um nóttina og verið ölvuð. Hún hefði gengið frá fyrrgreindum bar og ætlað sér að taka leigubifreið en muni svo ekki hvað gerðist eftir það. Í staðlaðri útfyllingu í fyrrgreindri skýrslu var meðal annars merkt við reiti um kynferðislegt framferði þar sem fram kom að brotaþoli vissi ekki hvað hefði gerst af þeim toga. Í útfyllingu af sama toga er merkt við að brotaþoli hafi verið haldin *óraunveruleikakennnd, grát-köst/tárast, óttaslegin/kvíðin, ráðaleysi, bjargarleysi, man lítið/ekkert*, auk þess sem hún hafi verið með *vöðvaspennu*.

Í skýrslu læknis við neyðarmóttöku um réttarlæknisfræðilega skoðun greinir frá tíma-setningum og atvikaskráningu um frásögn brotaþola með áþekkingum hætti og í fyrrgreindri skýrslu hjúkrunarfræðings. Hið sama á við um staðlaða útfyllingu um frásögn brotaþola um kynferðislegt framferði geranda, þ.e. að hún hefði ekki vitneskju um það. Þá er sams konar stöðluð skráning í skýrslunni um tilfinningalegt ástand og kreppuviðbrögð. Í samantekt skýrslunnar um ástand brotaþola er meðal annars tekið fram að hún hafi verið föll, döpur og í sjokki og ekki munað neitt eftir atvikum nætur. Þá greinir í skýrslunni um kvenskoðun að hún hafi verið með nánar tilgreinda áverka á kynfærum, hinum sömu og greinir í ákæru.

### 3.

Í fyrri skýrslu brotaþola hjá lögreglu 21. mars 2019 greindi hún meðal annars frá ferðum sínum umrætt kvöld uns leiðir hennar og vinnufélaga skildi. Þá lýsti hún því meðal annars að hún hefði vaknað klukkan 5:15 á ókunnugum stað við það að maður sem hún þekkti ekki var að hafa við hana samfarir um leggöng og hún verið nakin að neðan. Lýsti hún meðal annars útliti og stuttlegum samskiptum við manninn eftir að hún vaknaði, herbergi á þeim stað þar sem hún vaknaði, heimferð og öðrum samskiptum síðar sama dag.

Í síðari skýrslu brotþola hjá lögreglu 12. apríl 2019 var farið nánar yfir ferðir hennar umrædda nótt út frá gögnum og tímasetningum myndupptaka úr eftirlitsmyndavélum, meðal annars myndefni sem sýndi hana í samskiptum og í fylgd með ákærða. Kvaðst hún engar minningar hafa um þau atvik.

#### 4.

Við fyrri skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu 12. apríl 2019 kannaðist hann til að byrja með ekki við að hafa hitt eða verið í samskiptum við brotþola umrædda nótt, né heldur gat hann gert grein fyrir ferðum sínum. Hann greindi þó frá því að hann kæmi stundum sem viðskiptavinur á Kalda Bar. Þegar leið á skýrslutökuna og honum var sýnt myndefni úr eftirlitsmyndavél á þeim veitingastað umrætt kvöld virtist honum vera betur ljóst um atvik. Kannaðist hann við að hafa verið í samskiptum við brotþola og að hún hefði um nóttina gengið með honum heim til hans þar sem leiðir þeirra skildi og hún fór af staðnum með leigubifreið. Þau hefðu verið að tala saman en hún hefði ekki komið inn til hans og ekkert kynferðislegt gerst á milli þeirra.

Við síðari skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu 9. september 2019 breytti ákærði framburði sínum og greindi meðal annars frá því að brotþoli hefði komið inn í sameiginlegt rými húsnæðisins og þar hefðu átt sér stað kynferðisleg samskipti þeirra á milli, nánar tiltekið að brotþoli hefði veitt honum munnmök og hann sett fingur inn í kynfæri hennar og hún gert hið sama.

#### 5.

Meðal gagna eru upptökur úr eftirlitsmyndavélum umrædda nótt frá Kalda Bar og veitingastaðnum Bar Ananas við Klapparstíg 38. Þá eru einnig meðal gagna upptökur sömu nótt úr eftirlitsmyndavélum lögreglu á Laugavegi 11 og Skólavörðustíg 11.

Meðal þess sem sést á upptöku frá Kalda Bar er þegar ákærði og brotþoli voru í samskiptum innandyra milli klukkan 00:23 til 00:32 þar til þau gengu út um aðaldyr. Úr myndavél utandyra á sama veitingastað sést þegar þau ganga bæði út og virðast fara beint yfir götuna. Brotþoli sést svo ganga aftur inn á Kalda Bar klukkan 00:51 en ákærði sést ganga á svipuðum tíma í átt að Laugavegi. Klukkan 01:05 sést ákærði koma aftur inn á Kalda Bar og í framhaldi vera í samtali við brotþola og taka meðal annars utan um hana en þau verða síðan aðskilin hvort frá öðru. Á upptökum eftir það sést brotþoli inni á Kalda Bar að tala við annað fólk og þá sést hún klæða sig og fara inn og út af staðnum milli klukkan 01:16 og 01:18. Á svipuðum tíma sést ákærði hjá nálægu reykingasvæði staðarins, utandyra.

Meðal þess sem sést annars vegar á upptökum lögreglu á Laugavegi 21 og hins vegar veitingastaðnum Ananas, á tímabili klukkan 01:19 og 01:22, er þegar brotaþoli gekk frá Kalda Bar að veitingastaðnum Veðri handan götunnar og fara inn og út af staðnum í stuttan tíma, auk þess að missa handtösku fyrir utan staðinn. Þá sést á upptöku frá Ananas þar sem ákærði gekk yfir götuna í áttina til brotaþola klukkan 01:22 þar sem þau hittust og slógu saman höndunum á vingjarnlegan hátt. Saman gengu þau síðan úr mynd. Á upptöku lögreglu á Skólavörðustíg 11 sést þar sem ákærði og brotaþoli komu gangandi klukkan 01:24 hönd í hönd frá Grettisgötu niður á Vegamótastíg og fara inn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Þá sést þar sem þau gengu saman út af staðnum klukkan 01:26 og þaðan þar sem þau gengu hönd í hönd Vegamótastíg í átt að Skólavörðustíg klukkan 01:27.

## 6.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 7. apríl 2021, sem aflað var undir rekstri málsins fyrir dómi, var farsími brotaþola rannsakaður hjá lögreglu og tekið afrit af skráakerfi símans. Meðal afritaðra gagna var gagnagrunnskrá Apple Health forrits en meðal upplýsinga þar voru skráningar á gönguskrefafjölda, tíma- og dagsetningum og tímalengd í mínútum, auk ætlaðrar hæðarbreytingar á köflum. Samkvæmt upplýsingum úr þeirri skrá, á tímabili á milli klukkan 00:57 og 01:38 umrædda nótt, var mælt 1131 gönguskref. Sú mæling var í fimm aðgreindum lotum, þar af 173 skref á tæplega tíu mínútna tímabili á milli klukkan 00:57 og 01:07, 139 gönguskref á tæplega sjö mínútna tímabili á milli klukkan 01:07 og 01:14, 509 gönguskref á rúmlega tíu mínútna tímabili á milli klukkan 01:17 og 01:27, 234 gönguskref á tæplega tíu mínútna tímabili á milli klukkan 01:27 og 01:37 og 76 gönguskref á rúmlega þriggja mínútna tímabili á milli klukkan 01:38 og 01:41. Einnig greinir að mæld voru 89 gönguskref á tæplega sjö mínútna tímabili á milli klukkan 05:59 og 06:06 og 109 gönguskref á rúmlega átta mínútna tímabili á milli klukkan 06:12 og 06:20. Þá greinir í skýrslunni að samkvæmt skilgreiningu forritsins teljist hæð sem þriggja metra hæðaraukning sem samsvari um það bil sextán gönguskrefum, auk þess sem umrædd gögn sýni meðal annars hæðaraukningu um fjórar hæðir milli klukkan 01:40 og 01:42.

## 7.

Samkvæmt yfirliti frá fjarskiptafyrirtæki um símasamskipti í og úr síma brotaþola umrædda nótt hringdi eiginmaður hennar ítrekað í síma hennar sem tengdist fjarskiptasendum á tímabili frá klukkan 04:13 til 05:48 án þess að símtölum væri svarað. Klukkan 05:59 var hringt úr síma brotaþola í leigubifreiðarstöð og var símtalið 35 sekúndur. Klukkan 06:02 var hringt í síma brotaþola úr síma eiginmanns hennar og var símtalið 123 sekúndur. Þá barst SMS-skeyti klukkan 06:06 í síma brotaþola frá leigubifreiðarstöð.

8.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu, dags. 2. apríl 2019, um rannsókn á gögnum frá neyðarmóttöku voru þekjufrumur til staðar með sjáanlegum sáðfrumum á lífsýnum úr ytri börmum, leggöngum, leggangstoppi og leghálsi brotaþola. Hið sama var um lífsýni sem fundust við rannsókn á innanverðum nærbuxum hennar. Í öllum tilvikum var um að ræða lífsýni sem nothæf voru til DNA-kennslaggreiningar.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu, dags. 25. júní 2019, sbr. skýrslu sænskrar réttarrannsóknarstofu (s. Nationellt forensiskt centrum), voru tvö lífsýnanna, annars vegar úr leggöngum og hins vegar úr leggangstoppi, rannsökuð frekar til DNA-greiningar. Niðurstöður þeirrar greiningar voru á þá leið að bæði sýnin höfðu sama DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið ákærða.

9.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 12. september 2019, var haft símasamband við brotaþola til að afla frekari upplýsinga um áfengisneyslu eftir meint brot. Í þeirri skýrslu greinir að brotaþoli hafi greint frá því að hún hafi neytt eins hvítvínsglass eftir að hafa komið heim að morgni 21. mars 2019.

10.

Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 11. apríl 2019, mældist 1,64‰ alkóhól í blóði brotaþola klukkan 14:00, 2,15‰ í þvagi klukkan 14:04 og 1,26‰ í blóði klukkan 15:50. Þá greinir í matsgerðinni að niðurstöður fyrrgreindra mælinga sýndu að brotaþoli hafi verið ölvuð þegar sýnin voru tekin. Einnig að etanólstyrkur hafi náð hámarki klukkan 14:00 og verið fallandi. Samkvæmt því hafi einhver tími verið liðinn frá því að drykkju lauk.

Samkvæmt viðbótarmatsgerð sömu rannsóknarstofu, dags. 22. mars 2021, sem aflað var undir rekstri málsins fyrir dómi, var ekki hægt að reikna til baka etanólstyrk í blóði brotaþola til klukkan 01:30, 04:00 og 06:00 þar sem of langur tími var liðinn frá þeim tíma-setningum miðað við tímasetningar á sýnatökum, þ.e. átta til tólf og hálf klukkustund. Varðandi niðurstöður hinnar fyrri matsgerðar og áfengisáhrif með tilliti til neyslu á einu hvítvínsglasi (150 ml af 13% áfengi) klukkan 06:30 var tekið fram að út frá þekktum breytum um brotthvarfshraða etanóls úr blóði hefði það áfengi verið horfið úr blóðinu tveimur til þremur klukkustundum síðar, eða milli klukkan 8:30 og 9:30. Etanólmagn í blóði og þvagi brotaþola um klukkan 14:00 sama dag hefði stafað af því að brotaþoli hefði drukkið talsvert áfengi um nóttina og/eða um morguninn.

11.

Samkvæmt vottorði B sálfræðings, dags. 8. mars 2021, var brotþoli í átta meðferðarviðtölum hjá henni á tímabili frá 28. mars 2019 til 12. mars 2020. Í viðtölunum hefði brotþoli greint frá áfallastreitueinkennum eftir meint kynferðisbrot. Hún hefði greint frá endurupplifunareinkennum, sérstaklega ágengum minningum um meint brot, til dæmis þegar hún vaknaði og færi að ímynda sér hvað hefði gerst og sterkum tilfinningalegum og líkamlegum viðbrögðum af tilteknum toga þegar eitthvað minnti hana á meint brot. Hún hefði greint frá martröðum um meint brot og reynt að forðast hugsanir um atburðinn og aðstæður sem minntu hana á hann. Þá hefði hún greint frá neikvæðum hugsunum og tilfinningum, t.d. skömm og sektarkennd, eiga erfitt með að upplifa jákvæðar tilfinningar og upplifað sig fjarlæga öðru fólki. Loks hefði hún greint frá ofurárveknueinkennum, eins og að hlusta og skima eftir hættu, aukinni viðbrigðni og pírangi, einbeitingar- og svefnerfiðleikum. Hvað fyrsta viðtalið varðar greinir í vottorðinu að brotþoli hefði greint frá því að hafa verið ofurupptekin af því að reyna að finna út úr því hvað hefði gerst umrætt kvöld og nótt og hún hefði sagst vera með um það bil fimm klukkustunda eyðu í minni sínu um nóttina.

Samkvæmt vottorðinu voru lagðir fyrir brotþola sjálfsmatskvarðar á tímabili frá 28. mars 2019 til 8. október sama ár til þess að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu, ásamt svefnvanda. Hvað varðar sjálfsmatskvarða til að meta einkenni áfallastreituröskunar þá voru framan af í þeirri athugun uppi vísbendingar um að grein- ingarviðmið áfallastreitu væru uppfyllt en við síðari prófanir voru þær vísbendingar ekki lengur fyrir hendi. Varðandi sjálfsmatskvarða til að meta alvarleika þunglyndis, kvíða- og streitueinkenna þá voru framan af uppi vísbendingar um alvarleg og mjög alvarleg einkenni slíkrar vanlíðanar en þegar leið á prófunartímabilið dró úr þeim einkennum. Hvað varðar svefntruflanir þá var til að byrja með uppi vísbending um alvarlegan klín- ískan svefnvanda en fljótlega voru slíkar vísbendingar ekki lengur fyrir hendi. Einnig greinir í vottorðinu að niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi verið í samræmi við mat sál- fræðingsins á einkennum brotþola.

Í samantekt vottorðsins greinir meðal annars að endurmat á einkennum brotþola hafi verið gert samhliða viðtölunum. Fljótt hafi farið að bera á batamerkjum hjá henni og hún tekist á við áskoranir í bataferlinu. Þunglyndis-, kvíða- og streitueinkenni hefðu lækkað, auk þess sem svefnvandi hefði minnkað. Hún hefði tekist á við forðunareinkenni og notið til þess sterks félagslegs stuðnings í kringum sig. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfalls- ins samsvöruðu einkennum sem væru þekkt hjá fólki sem upplifað hefðu alvarleg áföll,

eins og líkamsárás, nauðgun o.fl. Mætingum hennar í viðtöl hefði hins vegar verið ábótavant.

12.

Samkvæmt vottorði C sálfræðings, dags. 27. febrúar 2021, var brotaþoli í meðferðarviðtölum hjá henni í september og október 2020 og síðan aftur í janúar og febrúar 2021. Í vottorðinu greinir meðal annars að brotaþoli hafi fundið fyrir vaxandi ótta og alvarlegum ofsakvíðaköstum sem tengdust alvarlegu kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir í mars 2019. Kvíði brotaþola hefði aukist vegna fyrirhugaðrar dómsmeðferðar málsins. Hún hefði reynt að lifa eðlilegu lífi eftir að hafa orðið fyrir meintu kynferðisbroti en vanlíðan eftir á haft neikvæð áhrif á líf hennar. Niðurstaða viðtala og sjálfsmatskvarða væri með þeim hætti að hún væri talin þjást af alvarlegri áfallastreituröskun og alvarlegu þunglyndi með miklum kvíða og alvarlegri streitu. Hún hefði fundið fyrir vanlíðan í kjölfar hins meinta kynferðisbrots og sú líðan hefði farið vaxandi. Sálræn einkenni hennar samsvöruðu einkennum sem þekkt væru hjá fólki sem upplifað hefði alvarleg áföll og aðlögunarvanda í kjölfar líkamslegs og/eða kynferðislegs ofbeldis.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

1.

Í framburði ákærða kom meðal annars fram að hann hefði hitt og verið í samskiptum við brotaþola umrædda nótt á Kalda Bar en þau hefðu ekki þekkt fyrir. Þau hefðu meðal annars farið saman á annan nálægan veitingastað, Veður, þar sem brotaþoli hefði boðið honum upp á áfengan drykk. Í samskiptum þeirra hefði meðal annars komið fram að brotaþoli byggi með tveimur konum og að hún hefði orðið viðskila við þær um nóttina. Samhliða samskiptum þeirra um nóttina hefði ákærði verið að þvo og þurrka þvott í nálægu húsnæði sem hann var með í útleigu. Hann hefði því þurft að víkja frá og koma til baka eftir að hafa sinnt þvottinum. Síðar um nóttina, þegar komið var undir lokun, hefðu þau gengið saman á annan nálægan veitingastað, Ölstofu Kormáks og Skjaldar við Vegamótastíg. Þaðan hefðu þau stuttu síðar farið fótgangandi og heim til hans að M. Brotaþoli hefði sagst búa í nágrenninu og viljað ganga með honum heim. Á leiðinni hefðu þau rætt saman um margvísleg málefni en ákærði kvaðst ekki vera viss um hversu lengi nákvæmlega þau voru á leiðinni, mögulega um fjórtíu mínútur eða meira miðað við nánar tiltekna gönguleið.

Þau hefðu haldið áfram að tala saman þegar þau voru komin að M. Samskiptin hefðu verið fyrir utan húsið sem og innandyra, inn af anddyri, á jarðhæð í sameign hússins þar sem gengið var niður tröppur og inn í þvottahús. Hann hefði ekki viljað bjóða henni inn á heimili sitt á þriðju hæð hússins þar sem hann hefði talið að meðleigjandi sinn gæti verið heima og þeir hefðu verið búnir að sammælast um að koma ekki með gesti í íbúðina nema láta vita af því fyrir fram. Samskipti ákærða og brotþola hefðu síðan leitt til þess að hún hefði haft frumkvæði að því að vilja hafa við hann kynferðismök á fyrrgreindu svæði innandyra í sameign hússins. Fyrst í tröppunum þar sem hann var sitjandi og síðan á nálægum stól. Hún hefði klætt sig úr að neðan og hann gert það sama. Hún hefði veitt honum munnmök svo hann fékk sáðlát. Sæðið hefði meðal annars farið á hendurnar á honum og á brotþola. Ákærði hefði jafnframt, samhliða munnmökunum, örvað hana að neðan með því að setja fingur í kynfæri hennar, einn eða fleiri, og hún gert það sama uns hún fékk fullnægingu. Kvaðst ákærði telja að með þessu hefði sæði borist af höndunum í leggöng brotþola. Þau hefðu hins vegar ekki haft samræði. Þau hefðu klætt sig eftir að kynferðismökunum lauk og brotþoli farið að skoða símann sinn. Henni hefði orðið hverft við þegar hún áttaði sig á því hvað klukkan var orðin margt og hún haft á orði að hún þyrfti að fara heim til mannsins síns. Ákærða hefði þá fyrst verið ljóst að hún átti mann og honum brugðið við að heyra það. Klukkan hefði þá verið á milli fimm og sex um morguninn. Brotþoli hefði stuttu síðar farið af staðnum með leigubifreið sem hún pantaði. Ákærði hefði eftir þetta farið upp í íbúðina sína og lagst til hvílu. Kynferðismökin hefðu varað í skamman tíma en samskipti hans og brotþola hefðu í heild sinni varað mun lengur, þar með talið tíminn sem fór í það að ganga heim til hans og tala saman í sameign hússins áður en þau höfðu fyrrgreind kynferðismök.

Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt og hið sama hefði verið um brotþola. Hún hefði hins vegar ekki verið það drukkin að hún vissi ekki hvað hún var að gera. Þau hefðu ekki neytt áfengis á leiðinni heim til hans eða í húsinu hjá honum. Þá hefði hún ekki verið mjög ölvuð þegar leiðir þeirra skildi og hún fór í fyrrgreinda leigubifreið.

Varðandi fyrri skýrslugjöf sína hjá lögreglu þá greindi ákærði frá því að hann hefði verið illa fyrir kallaður við skýrslutökuna og ringlaður. Lögreglan hefði komið á heimili hans fyrr um daginn og vakið hann eftir að hann hefði verið á næturvakt. Hann hefði verið handtekinn og færður á lögreglustöð og fengið takmarkaðar upplýsingar um tilefnið. Þá hefði hann einnig orðið fyrir erfiðri reynslu í samskiptum við lögreglu tveimur dögum áður í tengslum við komu til landsins, auk þess sem hann hefði verið óviss um stöðu sína hér á landi o.fl. Allt hefði þetta haft áhrif á viðbrögð hans og skýrslugjöf umræddan dag og hann ekki borið traust til lögreglu. Þá hefði hann til að byrja með ekki áttað sig á því

um hvaða konu var að ræða og hann verið að reyna að rifja upp samskiptin samhliða því að honum voru sýndar myndir af henni.

## 2.

Brotapoli bar meðal annars um að hafa farið í vinnuna að morgni 20. mars 2019. Um hádegi þann dag hefði verið ákveðið á vinnustaðnum að fara út að borða. Áfengis hefði verið neytt með hádegisverðinum. Eftir matinn hefði brotapolí vikið frá hópnum og farið á annan nálægan veitingastað í miðborginni og hitt kunningja sína. Þar hefði áfengi einnig verið haft um hönd. Þá hefði brotapolí síðar sama dag hitt vinnufélaga sína að nýju á fyrrgreindum veitingastöðum, Veðri og Kalda Bar. Þau hefðu verið þar fram eftir degi og fram á kvöld og hún haldið áfram að neyta áfengis. Brotapolí kvaðst ekki hafa skýrar minningar um atvik eða samskipti við aðra eftir að líða tók á kvöldið. Kvaðst hún muna mjög illa hvað gerðist eftir klukkan níu um kvöldið. Hún myndi ekki eftir sér við kvöldverð á veitingastaðnum Snaps við Óðinstorg en hún hefði fengið upplýsingar um þau atvik frá öðrum. Sama væri um að hún hefði farið með vinnufélögum sínum á Kalda Bar eftir að hafa verið á Snaps en öll þau atvik þar og samskipti væru í huga hennar mjög óljós og minni mjög gloppótt.

Brotapolí kvaðst ekki hafa neinar minningar um að hafa hitt ákærða umrædda nótt á Kalda Bar eða farið með honum af þeim stað og yfir á Veður. Þær upplýsingar hefði hún fengið frá öðrum, eftir á. Í því sambandi tiltók brotapolí upplýsingar um atvik um nóttina sem hún hefði fengið að vita að kæmu fram á upptökum í eftirlitsmyndavélum, meðal annars vitnunum D og E. Hvað hinn síðarnefnda varðaði vísaði brotapolí til skeytasendinga á samfélagsmiðli sem hefði verið svarað af honum nokkrum mánuðum síðar og önnur samskipti þeirra á milli í tengslum við það síðar o.fl. Henni hefði til að mynda verið greint frá því að hún hefði verið hvött til að finna sér leigubifreið og fara heim og einnig að hún hefði verið í fylgd með ákærða og komið með honum á Veður. Hún hefði hins vegar engar minningar um þessi atvik um nóttina.

Brotapolí kvaðst ekki hafa neinar minningar um hvernig hún fór úr miðborginni og að heimili ákærða í M. Þá kvaðst hún telja að upplýsingar úr staðsetningarforriti í síma hennar sýndu að hún hefði verið í sex mínútur í bifreið á þeirri leið. Þær upplýsingar hefði hún fengið eftir á úr appi í símanum sínum. Þá væru einnig aðrar hliðstæðar upplýsingar úr síma hennar um skrefafjöldu o.fl. sem væru meðal gagna.

Brotapolí kvaðst næst muna eftir sér þegar hún vaknaði í rúmi við það að ókunnugur maður var ofan á henni að þrýsta sér ofan á hana. Þá hefði hún fundið að það var eitthvað innan í henni að neðan. Hún hefði verið liggjandi á bakinu í myrkvuðu herbergi á stað

sem hún vissi ekki hvar var. Allt hefði verið þokukennt á þessum tíma. Maðurinn hefði verið með sérstök svipbrigði í andlitinu eins og hann væri að njóta þess sem hann væri að gera. Um væri að ræða leifturminningar eins og hana væri að dreyma. Hún hefði verið óttaslegin og viljað komast til eiginmanns síns. Þá kvaðst hún halda að hún hefði sofnað eða lognast út af aftur, líklega í skamman tíma, en síðan vaknað að nýju og farið á fætur og enginn verið í herberginu. Hún hefði verið nakin að neðan og líklega klædd í topp að ofan. Fötin hennar hefðu verið í nálægri hrúgu ofan á töskunni hennar á gólfinu. Hún hefði klætt sig, tekið saman dótið sitt, kallað eftir eiginmanni sínum en ekkert svar fengið. Hún hefði síðan hraðað sér úr íbúðinni og niður tröppur. Í minningunni væru öll þessi atvik mjög ruglingsleg. Nánar aðspurð út frá rannsóknargögnum kvaðst brotápoli telja að það gæti verið að ákærði hefði verið vakandi og inni á baðherbergi eða einhvers staðar annars staðar inni í íbúðinni á þessum tíma. Hún hefði litið á símann sinn og séð að eiginmaður hennar var margoft búinn að reyna að ná sambandi við hana um nóttina. Í framhaldi hefði hún áttað sig á því hvar hún var með því að skoða staðsetningarbúnað í símanum. Einhverju síðar hefði komið leigubifreið og hún munað eftir sér þegar hún hraðaði sér heim. Aðspurð kvaðst hún hins vegar lítið muna eftir að hafa hringt eftir umræddri leigubifreið. Öll þessi atvik væru henni óljós, henni hefði liðið mjög illa á þessum tíma og hún verið skelfingu lostin. Allt hefði verið í þoku og hún enn undir áhrifum áfengis. Þá kvaðst hún ekki muna vel eftir símtali við eiginmann sinn um morguninn en sennilega hefði hún verið að segja honum að hún vissi ekki hvar hún væri.

Þegar heim var komið hefði eiginmaður hennar tekið á móti brotápoli en hún kvaðst ekki muna nákvæmlega þeirra fyrstu samskipti. Hann hefði beðið hana um að fara inn í svefnherbergi og leggja sig og hann hefði ekki verið henni reiður. Hann hefði verið að sinna börnunum og ekki viljað að þau sæju hana í því ástandi sem hún var. Hann hefði svo farið með börnin í þössun til foreldra sinna í nálægu sveitarfélagi en síðan komið til baka. Hún hefði verið með líkamlega tilfinningu að neðan eins og hún væri bólgin og eitthvað hefði gerst. Hún hefði verið mjög hrædd og henni liðið í líkamanum eins og eftir að hafa haft samræði. Einnig hefði hún farið inn á baðherbergi og fundið fyrir sæði renna úr sér að neðan. Í samskiptum hennar og eiginmannsins hefði komið fram að hún teldi nauðsynlegt að komast að því hvað hefði gerst. Þau hefðu því í framhaldi hringt í lögregluna og þeim verið leiðbeint um næstu skref og þau fylgt þeim leiðbeiningum, meðal annars um það hvenær þau ættu að mæta á neyðarmóttöku. Þá hefði brotápoli fyrir hádegi sama dag þurft að sinna vinnutengdum erindum símléiðis og meðal annars verið í símasamskiptum við D. Einnig hefði hún samhliða, eða stuttu fyrir þau samskipti, fengið sér eitt glas með ríflegum skammti af rósavíni til þess að róa og styrkja sig út af timburmönnum eftir drykkju gærkvöldsins. Hún hefði enn fundið fyrir áfengisáhrifum á þessum tíma.

Brotapoli kvaðst enn hafa verið í sjokki, timbruð, ringluð og undir áhrifum áfengis þegar hún kom á neyðarmóttöku um klukkan hálf tvö og greindi frá atvikum. Hún hefði verið að reyna að finna út hvað gerðist og skilja stöðuna sem hún var í. Hún hefði ekki lýst samræði á neyðarmóttökunni þar sem hún hefði ekki verið spurð að því. Hún hefði hins vegar svarað öllum spurningum sem lagðar voru fyrir hana og ekki haft neitt að fela. Heilbrigðisstarfsfólk á neyðarmóttökunni hefði í samskiptum við hana verið að reyna að finna út hvað gerðist. Hún hefði hins vegar gefið skýrslu vitnis hjá lögreglu og greint þar frá atvikum eins og hún mundi þau á þeim tíma. Við þá skýrslutöku hefðu minningar um atvik verið að koma til baka, áfengisáhrifin að minnka og hún búin að hugsa um hvað gerðist.

Brotapola hefði liðið mjög illa eftir á og meint brot haft mikil neikvæð áhrif á hana og fjölskyldulífið með nánar tilgreindum hætti. Þá hefði hún reynt að leita sér aðstoðar með viðtölum hjá sálfræðingum.

### 3.

Vitnið F, eiginmaður brotápola, bar meðal annars um að hafa rætt við brotápola klukkan fjögur síðdegis á miðvikudeginum þegar hún var að skemmta sér með vinnufélögum. Hún hefði þá hljómað eins og hún væri drukkinn. Vitnið kvaðst hafa vaknað klukkan fjögur aðfaranótt fimmtudagsins og áttað sig á því að brotapoli var ekki komin heim. Hann hefði margsinnis eftir það reynt að hringja í hana og senda henni skeyti en engin svör fengið. Það hefði verið mjög ólíkt henni. Hann hefði upp úr klukkan fimm um nóttina staðsett hana í M með því að skoða upplýsingar í hugbúnaði í síma hennar sem hann hafði aðgang að í gegnum sinn eigin síma. Þá hefði hann náð símasambandi við hana einhverju síðar og hún sagst hafa vaknað í íbúð og væri á leiðinni heim. Hún hefði sagst ekki hafa heyrt í símanum áður þar sem hún var sofandi en hún hefði hljómað eins og hún væri mjög ringluð, líkt og eitthvað væri ekki í lagi. Brotapoli hefði verið í slæmu ástandi og miklu áfalli þegar hún kom heim stuttu síðar. Þau hefðu rætt saman um atburði næturinnar en hún ekki munað hvað hefði gerst og verið í *algjöru black outi*. Hún hefði lýst einstaklingi í íbúð á ókunnugum stað og haft tilfinningar um að eitthvað kynferðislegt hefði gerst. Hún hefði haft óljósar minningar um eitthvað slíkt en ekki lýst því nánar, auk þess sem hún hefði verið aum í kynfærunum. Vitnið kvaðst upp úr klukkan átta sama morgun hafa farið með börnin af heimilinu og komið þeim í pössun hjá foreldrum sínum. Vitnið kvaðst halda að brotapoli hefði á meðan neytt léttvins sem samsvaraði einu glasi. Þau hefðu síðar um morguninn hringt í lögreglu en brotapoli hefði viljað það. Þau hefðu fengið leiðbeiningar, meðal annars um að fara á neyðarmóttöku og þau farið þangað síðar

sama dag. Umrædd meint atvik hefðu haft mikil neikvæð áhrif á líðan og persónu brotþola með nánar tilgreindum hætti en engin áföll hefðu átt sér stað fyrir þann tíma.

4.

Vitnið D, fyrrverandi vinnuveitandi brotþola, bar meðal annars um að hafa farið út að borða í hádeginum með brotþola og fleira fólki. Áfengi hefði verið haft um hönd. Brotþoli hefði eftir það farið og hitt annað fólk en hitt vitnið og fleiri á Kalda Bar. Þau hefðu haldið áfram neyslu áfengis og snætt saman kvöldverð á öðrum nálægum veitingastað, Snaps. Brotþoli hefði verið undir áhrifum áfengis og vitnið viljað að hún færi með leigubifreið sem pöntuð var á staðinn. Hún hefði hins vegar ekki viljað það. Hópurinn hefði í framhaldi fært sig yfir á Kalda Bar. Brotþoli hefði síðar um nóttina lent í útistöðum við dyravörð á staðnum. Vitnið hefði aðstoðað hana við að klæða sig í yfirhöfn og lagt að henni að fara heim með leigubifreið. Að öðru leyti hefði vitnið ekki verið í sérstökum samskiptum við brotþola á staðnum né heldur fylgst með hvort hún var í samskiptum við ákærða þar inni. Vitnið kvaðst hafa fengið skeyti frá eiginmanni brotþola síðar um nóttina þar sem hann spurði hvar hún væri. Þá hefði vitnið talað við brotþola daginn eftir og hún greint frá því að hafa vaknað í ókunnugu húsnæði um morguninn. Hún hefði hins vegar ekki greint frá meintu kynferðisbroti í því samtali.

5.

Vitnið G gaf skýrslu símleiðis og bar meðal annars um að hafa verið meðleigjandi ákærða á umræddum tíma. Vitnið kvaðst hafa verið fjarverandi og dvalið á Hellu umrædda nótt. Þá kannaðist vitnið ekki við að það hefði verið samkomulag milli hans og ákærða varðandi takmörkun á gestakomum.

6.

Vitnið E gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og bar meðal annars um að hafa verið að vinna á veitingastaðnum Veðri umræddan dag og fram að lokun staðarins klukkan eitt um nóttina. Brotþoli hefði fyrr um daginn, um klukkan tvö síðdegis, komið á staðinn í fylgd með vinnufélaga og neytt áfengis. Þau hefðu síðan fært sig yfir á Kalda Bar hinum megin við götuna. Þá hefði hún komið aftur á Veður síðar um kvöldið og verið í fylgd með ákærða. Hún hefði verið áberandi ölvuð og vitnið verið hikandi um að afgreiða þau um áfengi. Ákærði hefði pantað handa þeim drykki, sterkt áfengi fyrir sig en léttvín fyrir brotþola. Brotþoli hefði í umrætt skipti brugðið sér frá á snyrtinguna og vitnið og ákærði farið að tala saman og ákærði meðal annars sagt honum hvað hann hétí. Einhverju síðar hefði ákærði lagt til að hann og brotþoli færðu sig yfir á annan nálægan veitingastað, Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Brotþoli hefði verið treg til þess og heldur viljað fara á Kalda Bar en þar hefði hún skilið eftir yfirhöfnina sína. Vitnið kvaðst hafa brugðið

sér frá og sótt fyrir hana flíkina. Ákærði og brotþoli hefðu síðan farið saman á fyrrgreinda Ölstofu og brotþoli þá verið ofurölvi. Brotþoli hefði komið aftur til vitnisins um klukkan hálf eitt um nóttina, þ.e. stuttu fyrir lokun. Hún hefði í það skiptið verið ein á ferð, ofurölvi og átt erfitt með gang. Vitnið hefði pantað leigubifreið fyrir brotþola og lagt að henni að fara heim. Leigubifreiðin hefði komið og staðnæmst við nálægt götuhorn. Vitnið hefði horft á eftir henni ganga í áttina að bifreiðinni en hún hefði hins vegar ekki farið upp í hana. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð til ákærða á þessum tíma. Greindi vitnið einnig frá samskiptum við ákærða og brotþola, eftir á, sem ekki eru efni til að reifa nánar.

#### 7.

Vitnið I gerði grein fyrir komu brotþola á neyðarmóttöku og staðfesti og gerði nánar grein fyrir skýrslu hennar sem hjúkrunarfræðings um þá komu. Í framburði hennar kom meðal annars fram að brotþoli hefði komið á neyðarmóttöku um klukkan hálf tvö um daginn. Blóð- og þvagsýni hefðu verið tekin við þá komu og hún hitt réttargæslumann sem hefði fylgt henni til skýrslutöku á lögreglustöð. Brotþoli hefði síðan komið til baka þegar klukkan var að verða fjögur og þá hefði annað blóðsýni verið tekið. Vitnið hefði þá komið að málinu og hitt brotþola. Kvaðst vitnið muna vel eftir henni á neyðarmóttökunni, þar með talið líðan hennar og ástandi. Brotþoli hefði í framhaldi hitt lækni og vitnið verið viðstatt. Læknir hefði gert læknisfræðilega skoðun á brotþola, auk þess sem lífsýni hefðu verið tekin. Lýsti vitnið andlegu ástandi brotþola með sama hætti og greinir í fyrrgreindum skýrslum neyðarmóttöku. Þá hefði brotþoli orðið mjög miður sín þegar hún fékk staðfestingu á því að áverkar væru á kynfærasvæði. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því að brotþoli væri undir áhrifum áfengis. Varðandi frásögn brotþola um atvik sem skráð voru í gögn neyðarmóttöku þá hefði sú frásögn að mestu verið skráð niður af samstarfskonu vitnisins áður en brotþoli fór á lögreglustöð. Skráningin hefði verið samhliða því að brotþoli greindi frá. Þegar brotþoli hefði komið til baka hefði vitnið farið aftur yfir frásögnina að nýju með brotþola og hún verið borin undir hana. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að brotþoli hefði breytt neinu í sinni fyrri frásögn þegar farið var yfir það sem fram var komið. Fyrrgreindur læknir hefði einnig verið viðstaddur og endanlega gengið frá sinni skýrslu miðað við fram komnar upplýsingar. Brotþoli hefði verið skýr í frásögn um það sem hún mundi eftir en hún hefði hins vegar ekki munað eftir stórum hluta umræddrar nætur. Þá hefðu upplýsingar sem fengust með þessu verið skráðar niður í fyrrgreindar skýrslur.

#### 8.

Vitnið H læknir, gerði grein fyrir læknisskoðun brotþola á neyðarmóttöku og staðfesti skýrslu um þá skoðun. Í framburði hans kom meðal annars fram að hann hefði gert

kvenskoðun á brotaþola. Áverkar á kynfærum hennar hefðu verið ferskir. Þeir hefðu bent til þess að stafa af samförum umfram það sem væri í samræmi við venjulegt ástarsamband og að samfarirnar hefðu staðið yfir í einhvern tíma. Ekki hefði verið raka-myndun í kynfærunum og því hefði teygst á húðinni með sprungumyndun. Um hefði verið að ræða sprungu hægra megin á milli barma, sprungur neðst í leggangaopi og eitt mjög lítið sár á þeim sama stað. Áverkar af þessum toga gætu hafa orðið til við það að fingri, einum eða fleirum, væri stungið inn í kynfærin en það væri ekki algengt. Samfarir væru hins vegar mun líklegri skýring á áverkunum, einkum varðandi fyrrgreindar sprungur neðst í leggangaopinum. Ekki væri hins vegar hægt að útiloka neitt í þessum efnunum en líkurnar varðandi fingur væru ekki miklar. Kvaðst vitnið telja að sæði hefði borist inn í leggöngin með sáðláti. Um hvort sæði hefði mögulega borist á milli af höndum eða fingrum inn í leggöngin kvaðst vitnið telja ólíklegt að það gæti hafa gerst með þeim hætti. Til skýringar vísað vitnið til þess að ef svo hefði verið þá hefði þurft mikið af sæði svo það *vaskaðist ekki af* við það að stinga fingrum inn. Einnig væri það ólíklegt þar sem sæði hefði fundist á mörgum stöðum í kynfærunum sem benti til sáðláts inni í þeim. Þá væri það einnig ólíklegt að teknu tilliti til þess sem áður greinir um áverka á kynfærunum. Um andlegt atgervi brotaþola við læknisskoðunina tók vitnið fram að hún hefði verið með áfallaeinkenni, döpur, þögul og með grátstafinn í kverkunum og ekki munað eftir atvikum.

#### 9.

Vitnið Í sviðsstjóri, gaf skýrslu símleiðis og gerði grein fyrir og staðfesti fyrrgreindar matsgerðir rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Í framburði hennar kom meðal annars fram að ekki væri hægt að reikna með nákvæmum hætti aftur í tímann vinnandamagn í blóði brotaþola umrædda nótt vegna þess tíma sem liðinn var þegar sýni voru tekin. Niðurstöður mælinga bentu engu að síður til þess að hár styrkur vinnanda hefði verið í blóði brotaþola miðað við að áfengisneyslu hefði verið hætt upp úr klukkan eitt eða tvö umrædda nótt. Þá breytti neysla eins léttvínsglass fyrir hádegi sama dag ekki þeirri meginniðurstöðu.

#### 10.

Vitnið B sálfræðingur, gerði grein fyrir og staðfesti fyrrgreint vottorð varðandi meðferð brotaþola á árinu 2019 og fram í mars 2020. Í skýrslu hennar kom meðal annars fram að brotaþoli hefði verið að skimast mjög hátt í sjálfsmatskvörðum varðandi vanlíðan og áfallastreitueinkenni. Þetta hefði einnig samrýmst því sem fram hefði komið í viðtölum og gefið mjög sterkar vísbendingar um að hún myndi greinast með áfallastreituröskun ef gerð yrði full greining. Brotaþoli hefði sýnt vanlíðan í viðtölum og þá hefði meðal annars komið fram í fyrsta viðtali að hún myndi ekki fimm klukkutíma frá umræddri nótt.

Áfallastreitueinkenni hefðu verið til staðar, hún hefði sýnt streituvíðbrögð, grátið og legið mikið á hjarta. Snemma í ferlinu hefðu einkennin farið hægt og bítandi niður. Bataferlið hefði verið eðlilegt. Að þessu virtu hefði ekki verið gerð full greining á því hvort hún væri með áfallastreituröskun. Sveiflur hefðu verið í bataferlinu á meðferðar-tímanum og dæmi um bakslög sem síðan hefðu gengið aftur. Þá hefði hún verið vel undir viðmiðunum í lok meðferðar. Ekkert annað en meint kynferðisbrot hefði verið að angra brotþola eða valda henni vanlíðan.

#### 11.

Vitnið C sálfræðingur, gerði grein fyrir og staðfesti fyrrgreint vottorð. Í skýrslu hennar kom meðal annars fram að brotþoli hefði farið að finna fyrir aukinni vanlíðan í ágúst á árinu 2020. Vanlíðanin hefði meðal annars birst í miklum ótta og kvíða, ofsakvíðaköstum. Þá hefði hún verið mjög hrædd við eigin viðbrögð. Brotþoli hefði tengt vanlíðanina við hið meinta kynferðisbrot og meðferð málsins í réttarkerfinu. Hún hefði í viðtölum hjá vitninu verið greind með áfallastreituröskun með alvarlegu sniði og hún þurfi að ganga í gegnum sálfræðimeðferð vegna slíkrar röskunar. Sú meðferð hafi hins vegar ekki hafist. Fyrrgreind greining hafi samrýmst því sem þekkt væri, að áfallastreituröskun gæti þróast með tímanum og að slík röskun væri að jafnaði ekki greind fyrr en nokkrum mánuðum eftir áfall. Þetta ætti sér eðlilegar skýringar. Algengt væri að þeir sem lentu í áföllum þróuðu með sér áfallastreituröskun þótt viðkomandi fengi sálfræðiaðstoð við úrvinnslu á vanlíðan þegar skemmri tími væri liðinn frá áfalli.

#### 12.

Vitni, lögreglufulltrúi nr. J, gerði grein fyrir og staðfesti lögregluskýrslu vegna rannsóknar á gögnum úr Health forriti úr síma brotþola. Í framburði hans kom meðal annars fram að um væri að ræða gögn varðandi skrefafjölda sem byggðu á mælingum á líkams-hreyfingu, sveiflumælingar, en ekki GPS-mælingar. Skref væru mæld eftir því hvernig tækið sveiflaðist til. Þá lægju loftþrýstingsmælingar einnig til grundvallar gögnum varðandi hæðaraukningu. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér birtar rannsóknir fagaðila á eiginleikum tækisins sem vísað væri til í skýrslunni. Þær rannsóknir bentu til þess að um 11% frávik gætu verið til staðar varðandi skrefafjölda. Minna væri hins vegar fjallað um áreiðanleika mælinga varðandi hæðaraukningu. Samkvæmt fyrrgreindum gögnum úr símanum væri ekki hægt að segja til um hvort brotþoli hefði farið á milli staða með bifreið. Hins vegar lægi fyrir samkvæmt gögnum að engin sveifla hefði verið á farsím-anum á tímabili frá klukkan 01:41 til 05:59 umrædda nótt. Það benti til þess að engin hreyfing hefði verið á símanum á því tímabili en vitnið hefði hins vegar ekki verið beðið um að rannsaka hvort slökkt hefði verið á símanum á þeim tíma.

13.

Vitni, sérfræðingur K hjá lögreglu, gerði grein fyrir og staðfesti fyrrgreind rannsóknargögn tæknideildar, þar með talið varðandi niðurstöður DNA-rannsóknar.

#### IV.

##### **Niðurstöður:**

1.

Ákærði krefst þess að málinu verði vísað frá dómi þar sem ágallar séu á málatilbúnaði ákæruvaldsins, sbr. 159. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Telur ákærði að ákæruvaldið hafi ekki lagt fram gögn í málinu sem geti talist fullnægjandi sönnunargögn um ölvunarástand brotþola umrædda nótt þegar meint brot var framið. Telur ákærði að fyrirbyggjandi gögn um áfengismælingar, sem aflað var fyrir og eftir málshöfðun, geti ekki lagt viðhlítandi grunn að málatilbúnaði ákæruvaldsins um að hann hafi notfært sér ölvunarástand hennar eins og hinu meinta broti er lýst í ákæru. Liggi þannig engin sönnunargögn fyrir um ölvunarástand brotþola téða nótt. Þá byggir ákærði einnig á því að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um áfengismælingar brotþola hafi hún verið undir talsverðum áhrifum áfengis þegar hún gaf fyrri skýrslu hjá lögreglu 21. mars 2019. Telur ákærði að þetta rýri sönnunargildi framburðar hennar hjá lögreglu og verði að skoða framburðinn í því ljósi. Að þessu virtu sé einnig um að ræða bersýnilegan annmarka á málatilbúnaði ákæruvaldsins. Ákæruvaldið hafnar öllum framangreindum sjónarmiðum.

Fyrir liggur að ákæruvaldið hefur talið framlögð rannsóknargögn nægileg til að meta skilyrði málshöfðunar og lagt grundvöll málsins með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 53. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008. Ljóst er af rannsóknargögnum að skýrslur ákærða, brotþola og fjögurra annarra vitna, myndupptökur, auk gagna frá neyðarmóttöku, tæknideild og rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, lágu í meginatriðum til grundvallar útgáfu ákæru. Að auki lágu fyrir önnur gögn úr síma brotþola o.fl. Er þannig ljóst að gögn um umræddar áfengismælingar brotþola voru aðeins eitt af mörgu sem lá til grundvallar ákvörðun um málshöfðun en þau gögn gefa nokkra mynd af ölvunarástandi brotþola á þeim tíma sem um ræðir. Einnig ber að líta til þess að samkvæmt VIII. kafla laga nr. 88/2008, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., er ekki lagt fortakslaust bann við því að taka skýrslu af manni hjá lögreglu þótt viðkomandi kunni að vera undir áhrifum áfengis á þeim tíma þegar skýrslutaka fer fram. Eðli málsins samkvæmt er slíkt hins vegar ekki æskilegt og alls ekki í alvarlegum sakamálum. Þá getur slíkt ástand skýrslugjafa mögulega rýrt sönnunargildi skýrslunnar, sbr. 126. gr. laga nr.

88/2008. Þótt fyrrgreindur annmarki hafi verið uppi við rannsókn málsins þá er ekki að sjá af mynd- og hljóðupptöku skýrslunnar, sem er meðal málgagna, að brotþoli hafi verið áberandi undir áhrifum áfengis eða það hafi truflað hana við skýrslugjöfina. Einnig liggur fyrir að brotþoli gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 12. apríl 2019, til viðbótar við hina fyrri skýrslu, og leikur enginn vafi á gildi þeirrar skýrslu. Að framangreindu virtu verður að leggja til grundvallar að ekki sé um slíka galla á máli að leiði til frávísunar þess frá dómi. Eru varnir ákærða sem lúta að fyrrgreindum og ætluðum annmörkum á mála-tilbúnaði ákærvaldsins fyrst og fremst af þeim toga sem tekur til efnisúrlausnar málsins. Þá verður á engan hátt séð að vörnum ákærða hafi verið áfátt, eins og hér stendur á. Verður því ekki fallist á kröfu ákærða um frávísun málsins frá dómi.

## 2.

Ákærði neitar sök. Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir framburði ákærða og brotþola fyrir dómi, auk annarra vitna, sbr. III. kafla. Þá hefur að nokkru verið gerð grein fyrir rannsókn lögreglu og helstu sakargögnum, sbr. II. kafla. Í málinu er ágreiningslaust að ákærði og brotþoli fóru saman umrædda nótt frá miðborginni og að þáverandi heimili ákærða að M. Þeim ber saman um að þau hafi neytt áfengis umrædda nótt og þá benda áfengismælingar til þess að brotþoli hafi verið mjög ölvuð um nóttina. Samrýmist það áfengisástand brotþola einnig framburði vitnanna E og D, einkum hins fyrrnefnda sem bar um að brotþoli hefði verið ofurölvi um klukkan hálféitt um nóttina. Þessu til viðbótar samrýmist þetta haldlögðu myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem virðist sýna brotþola undir áhrifum áfengis. Að framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að brotþoli hafi verið undir talsvert miklum áfengisáhrifum umrædda nótt þegar hún fór úr miðborginni.

Samkvæmt upptöku úr eftirlitsmyndavél á Skólavörðustíg gengu ákærði og brotþoli saman téða nótt klukkan 01:24–01:27 á Grettisgötu og Vegamótastíg, til og frá Ölstofu Kormáks og Skjaldar og þaðan í átt að Skólavörðustíg. Að þessu virtu er unnt að slá því föstu að þau hafi á þessum tíma farið saman úr miðborginni og í áttina heim til ákærða. Ákærði hefur borið um að þau hafi gengið saman alla leiðina í M og hann kannast ekki við að þau hafi farið saman með bifreið. Telur hann að gönguferðin hafi tekið fjórtíu mínútur eða lengur samhliða því að þau ræddu saman. Brotþoli hefur borið um að hún hafi engar minningar um þessi atvik. Engin önnur vitni sem gáfu skýrslu fyrir dómi gátu skýrt þetta nánar. Þegar farið er yfir gögn úr síma brotþola, þ.e. upplýsingar um staðsetningu í M með tímasetningum, þá benda þau gögn til þess að ákærði og brotþoli hafi farið hluta leiðarinnar eða alla leiðina í M með bifreið á sex mínútna tímabili. Í þessu sambandi verður einnig að líta til þess að myndupptökur sýna að vindur og lítils háttar snjófjúk var umrædda nótt, sem samrýmist árstíma þegar kalt er í veðri, auk þess sem

brotapoli virðist hafa verið á hælaskóm. Í almennu tilliti eru því meiri líkur en minni fyrir því að bifreið hafi komið við sögu varðandi umrædda ferð í M. Gögn úr heilsuforriti úr síma brotþola eru þessu einnig til stuðnings en af þeim gögnum verður ráðið að á tímabili frá klukkan 01:27 til 01:41 voru aðeins tekin 310 skref, auk þess sem ráðið verður að frá klukkan 01:41 til klukkan 05:59 var engin hreyfing á símanum. Ljóst er að fyrrgreindur skrefafjöldi getur engan veginn samrýmst vegalengd gönguleiðar úr miðborginni í M. Þá er ólíklegt að slökkt hafi verið á símanum á tímabili frá klukkan 01:41 til 05:48 í ljósi þess að önnur gögn, þ.e. símagögn frá fjarskiptafyrirtæki, sýna að síminn hennar kom inn á fjarskiptasenda á tímabili frá 04:13 til 05:48 þegar eigenmaður var að reyna að ná símasambandi við hana. Að framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að ákærði og brotþoli hafi farið úr miðborginni í M upp úr klukkan 01:27 umrædda nótt auk þess sem drjúgur hluti leiðarinnar hafi verið farinn með bifreið og þau hafi því langlíklegast verið komin að heimili ákærða eigi síðar en klukkan 01:41.

Ákærði kannast ekki við að hafa boðið brotþola inn á heimili sitt þegar komið var að fjölbýlishúsi í M þar sem hann bjó. Samkvæmt framburði brotþola hefur hún engar minningar um þessi atvik að öðru leyti en því að hafa vaknað í téðri íbúð undir morgun, sbr. og síðari umfjöllun. Ákærði hefur borið um að þau hafi átt samskipti fyrir utan og inni í húsinu í sameignarhluta þess, inn af anddyri og á tröppum á svæði að þvottahúsi á jarðhæð, þar með talið kynferðisleg samskipti, uns hún fór af staðnum milli klukkan fimm og sex um morguninn. Ákærði hefur í þessu samhengi einnig vísað til samkomulags við þáverandi meðleigjanda sinn varðandi takmörkun á gestakomum og að hann hefði haldið að hann gæti verið heima en síðar hefði komið í ljós að svo var ekki. Umræddur meðleigjandi, vitnið G, kannaðist hins vegar ekki við neitt slíkt samkomulag, auk þess sem hann bar um að hafa ekki verið á staðnum umrædda nótt. Þær skýringar ákærða geta því tæplega staðist. Samkvæmt gögnum úr heilsuforriti í síma brotþola var engin hreyfing á tækinu frá klukkan 01:41 til 05:59. Þá benda sömu gögn til þess að á milli klukkan eitt og tvö um nóttina hafi tækið farið upp um nokkrar hæðir. Einnig er ósennilegt í almennu tilliti að ákærði og brotþoli hafi hirst fyrir utan og í sameign hússins í rúmar fjórar klukkustundir uns brotþoli fór af staðnum með leigubifreið. Samkvæmt öllu framangreindu bendir allt til þess að brotþoli hafi fylgt ákærða inn á heimili hans á þriðju hæð hússins og verður það lagt til grundvallar í málinu. Eins og áður greinir virðist engin hreyfing hafa verið á síma brotþola milli klukkan 01:41 og 05:59. Getur það samrýmst því að hún hafi haldið kyrru fyrir í íbúðinni hjá ákærða og þar með vísbending um að hún hafi verið hreyfingarlaus á því tímabili.

Ákærði neitar því að hafa haft samræði við brotþola umrædda nótt, auk þess sem hann telur að ástand hennar með tilliti til ölvunar hafi ekki verið af þeim toga að hún hafi ekki

vitað hvað hún var að gera. Ákærði hefur fyrir dómi borið um að brotaþoli hafi í sameign hússins veitt honum munnmök og hann hafi sett fingur, einn eða fleiri, í kynfæri hennar og hún hafi gert hið sama. Hið sama kom fram í seinni skýrslu hans hjá lögreglu. Brotaþoli hefur hins vegar fyrir dómi borið um atvik með allt öðrum hætti, að hún hafi vaknað eða rumskað liggjandi á bakinu í rúmi í íbúð við það að maður var ofan á henni. Svipbrigði í andliti mannsins á þessu augnabliki hafi í minningunni verið eins og hann væri að njóta þess sem hann var að gera. Þá bar hún um að hún hefði fundið fyrir manningunni inni í sér að neðan á sama tíma. Verður framburður brotaþola ekki skilinn með öðrum hætti en að hún hafi með þessu verið að lýsa því að ákærði væri að hafa við hana samfarir sem hún gat ekki spornað við sökum ölvunar og svefndrunga. Samþykki fyrir samræðinu hafi því ekki verið fyrir hendi. Þessu til viðbótar bar brotaþoli um það fyrir dómi, þegar hún lýsti því eftir að hún vaknaði einhverju síðar, hvernig hún fann það á líkama sínum að búið var að hafa við hana samfarir í leggöng. Hér er um að ræða tilfinningu sem almennt má gera ráð fyrir að kona finni fyrir í líkama sínum við þessar aðstæður. Framburður brotaþola um samræði samrýmist einnig því að við rannsókn á neyðarmóttöku síðar sama dag fannst sæði á ytri börmum, leggöngum, leggangstoppi og leghálsi hennar. Þar af var sæði í leggöngum og leggangstoppi sem síðar var endanlega staðfest með DNA-rannsókn að passaði við DNA-snið ákærða. Samkvæmt framburði vitnisins H lækni er ekki líklegt að fyrrgreint sæði hafi borist inn í kynfæri brotaþola með höndum eða fingrum og mun líklegra sé að það hafi orðið við sáðlát í leggöng. Þá bar H um að áverkar á kynfærum brotaþola bentu til þess að þeir hefðu orðið til við samfarir og það styddi auk sem áður greinir um sáðlát í leggöng. Að öllu þessu virtu bendir allt til þess að ákærði hafi haft samræði við brotaþola umrædda nótt og haft sáðlát inn í leggöng hennar.

Ákærði hefur, eins og áður greinir, ekki að öllu leyti verið stöðugur í framburði miðað við skýrslugjöf sína hjá lögreglu 12. apríl 2019 og 9. september sama ár. Fyrst kannaðist hann ekki við brotaþola en þegar á leið og honum voru sýndar myndupptökur kannaðist hann við samskipti við hana umrædda nótt. Þá var það fyrst við hina síðari skýrslugjöf að hann kannaðist við að hafa verið í kynferðislegum samskiptum við hana sem hann lýsti með fyrrgreindum hætti. Þá hefur ákærði ekki verið alveg stöðugur í framburði varðandi skýringar sínar á hinum breytta framburði. Til viðbótar við það að bera fyrir sig að hafa verið þreyttur og illa fyrirkallaður við hina fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu þá hefur ákærði fyrir dómi vísað til samskipta milli hans og lögreglu af neikvæðum toga, auk vantrausts, vegna annarra ætlaðra atvika í tengslum við komu hans til landsins tveimur dögum áður en hann gaf hina fyrri skýrslu hjá lögreglu. Ekkert slíkt kom hins vegar fram þegar hann gaf skýringar á breyttum framburði við hina síðari skýrslugjöf hjá lögreglu.

Heilt á litið hefur framburður ákærða því ekki verið nægjanlega stöðugur. Að mati dómsins dregur þetta úr trúverðugleika á framburði ákærða og verður litið til þess við úrlausn málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt framburði brotþola fyrir dómi virðist hún hafa mjög slitróttar minningar um hið meinta brot, eins og því er lýst í ákæru. Getur það samrýmst niðurstöðum alkóhólrannsóknar en samkvæmt þeim niðurstöðum og framburði vitnisins Í benda mælingar meðal annars til þess að hár styrkur vínanda hafi verið í blóði brotþola miðað við að áfengisneyslu hafi verið hætt upp úr klukkan eitt eða tvö um nóttina. Styður þetta mjög framburð hennar um að hún hafi rankað við sér í ölvunarástandi og í svefndrunga með ákærða ofan á og inn í sér að hafa við hana samræði án þess að geta spornað við því.

Framburður brotþola fyrir dómi hefur í meginatriðum verið skýr og einlægur að því marki sem hún man eftir atvikum. Skýrslugjöf hennar fyrir dómi við aðalmeðferð bar þess greinileg merki að upprifjun hennar á meintu broti og öðrum atvikum er henni mjög þungbær. Þá samrýmist framburður brotþola fyrir dómi að talsverðu leyti fyrri framburði hennar hjá lögreglu. Hinn fyrri framburður hjá lögreglu er hins vegar því marki brenndur, eins og áður greinir, að brotþoli kann samkvæmt gögnum um alkóhólrannsókn að einhverju leyti að hafa enn verið undir áhrifum áfengis við skýrslugjöfina, ef tekið er mið af mæligildum þeirrar rannsóknar varðandi vínanda í blóði og þvagi. Eins og áður greinir er þó ekki að sjá af mynd- og hljóðupptöku af skýrslunni að brotþoli hafi verið áberandi ölvuð við skýrslutökuna eða það hafi truflað hana við skýrslugjöfina. Hins vegar er ljóst af upptöku skýrslunnar að hún var augljóslega miður sín og brast í grát þegar talið barst að hinu meinta broti og hún var beðin um að lýsa því nánar. Þá hefur brotþoli í raun borið um hið meinta brot, eins og því er lýst í ákæru, með svipuðum hætti hjá lögreglu og fyrir dómi, þar með talið að hún hafi verið mjög ölvuð um nóttina og síðan vaknað upp eða rankað við sér með ákærða ofan á sér á ókunnugum stað að hafa við hana samræði. Það sem út af stendur og ætlað misræmi hverfist um lýtur helst að öðrum atvikum í tengslum við hið meinta brot, fyrir og eftir, þar með talið samskiptum og upplýsingagjöf eftir á. Verður og að líta til þess að eiginmaður brotþola, F, bar um það fyrir dómi að brotþoli hefði téðan morgun áður en hún gaf skýrslu hjá lögreglu haft óljósar minningar um að eitthvað kynferðislegt hefði gerst um nóttina en hún ekki lýst því nánar, auk þess sem hún hefði verið andlega miður sín og aum í kynfærunum. Virðist hún því hafa verið að jafna sig og reyna að ná áttum vegna þeirrar stöðu sem var uppi. Hlýtur þetta að hafa haft áhrif á skýrslugjöf hennar hjá lögreglu og aðra upplýsingamiðlum umræddan dag. Þá er augljóst af framburði hennar fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að hún er margoft búin að reyna að rifja meint atvik upp eða fara að öðru leyti yfir þau í samskiptum við aðra á þeim langa tíma sem liðinn er frá því rannsókn málsins

hófst hjá lögreglu, þar með talið í tengslum við meðferðarviðtöl hjá sálfræðingum. Allt slíkt er almennt til þess fallið að valda misræmi þegar farið er yfir mál síðar. Þessu til viðbótar, með sömu meginrökum, er ekki tilefni til að draga sérstakar ályktanir í þessum efnum þótt brotþoli hafi ekki greint frá samræði í viðtölum við starfsfólk neyðarmóttöku fyrir og eftir að hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Ljóst er af framburði vitnisins I að frásögn brotþola af meintum atvikum virðist að mestu hafa komið fram í viðtali áður en hún gaf skýrslu hjá lögreglu, auk þess sem miðlum upplýsinga í slíkum viðtölum er ekki ætlað að vera skýrslugjöf vitnis í þágu meðferðar sakamáls. Var fyrst og fremst um að ræða miðlun og skráningu upplýsinga til heilbrigðisstarfsfólks í tengslum við lækni skoðun og sýnatöku og verður að meta þau gögn í því ljósi. Þá var túlkur ekki viðstaddur téð viðtöl á neyðarmóttökunni en af því sem fram er komið verður ráðið að samskiptin hafi farið fram á ensku. Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að framburður brotþola hafi heilt á litið verið stöðugur að því marki sem hún man eftir atvikum.

Í gögnum neyðarmóttöku, sem umræddir heilbrigðisstarfsmenn, H og I, hafa staðfest, var brotþoli í mjög slæmu tilfinningalegu ástandi og með alvarleg áfallaeinkenni, auk þess sem hún virðist hafa munað mjög illa eftir atvikum. Styður þetta einnig framburður brotþola um meint kynferðisbrot eins og því er lýst í ákæru. Hið sama á við um vanlíðan brotþola eftir á, þar með talið einkenni áfallastreitu stuttu eftir meint brot og síðari greiningu á áfallastreitu, sbr. fyrrgreind vottorð og framburði vitnanna B og C.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að framburður brotþola fyrir dómi hafi í öllum aðalatriðum verið trúverðugur og hann eigi sér stoð í öðrum gögnum málsins. Framburður brotþola hefur því mikið sönnunargildi og verður lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Hið sama á við um framangreind atriði sem rakin hafa verið til stuðnings framburði hennar. Hið gagnstæða á hins vegar við um framburður ákærða. Framburður hans hefur hvorki verið stöðugur né í nægjanlegu samræmi við gögn málsins. Er það mat dómsins að framburður ákærða sé í meginatriðum ótrúverðugur og á honum verði ekki byggt við úrlausn málsins.

Að þessu öllu virtu er það mat dómsins að gegn neitun ákærða hafi lögfull sönnun tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi og afleiðingar sem greinir í ákæru og verður hann sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar. Brotið var framið aðfaranótt fimmtudags en ekki laugar dags, eins og greinir í ákæru. Er þar um að ræða aukaatriði brots og vörnum hefur ekki verið áfátt af þessum ástæðum, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að um var að ræða alvarlegt brot sem beindist gegn mikilvægum verndarhagsmunum brotþola, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt framburði brotþola sjálfs og vitnisins F, sem og fyrrgreindra vottorða og framburða sálfræðinga, bendir allt til þess að brotþoli hafi orðið fyrir talsverðu andlegu tjóni. Horfir þetta til refsipýngingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. sömu laga-greinar. Til málsbóta verður litið til þess að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við refsilög og hann var samvinnufús við rannsókn málsins, sbr. 5. og 8. tölul. 1. mgr. fyrrgreindrar lagagreinar. Að öðru leyti á ákærði sér ekki málsbætur. Að öllu framan-greindu virtu, og með hliðsjón af dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 644/2015 og 154/2016 og dómum Landsréttar í málum nr. 596/2019 og 61/2020, verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

#### 4.

Við úrlausn á kröfu um miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Eru því ekki efni til að vísa bótakröfunni frá dómi. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögmætum og sagnæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotþoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breyt-ingar. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða og verður kröfu hans um sýknu af bótakröfu því hafnað. Skilja verður málatilbúnað ákærða svo að í raun sé krafist lækkunar á bótakröfunni að frátalinni fyrrgreindri sýknukröfu. Tjón brotþola er til þess fallið að vera mikið og er það stutt gögnum frá sálfræðingum, eins og áður greinir. Að þessu virtu og með vísan til dómvenju þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur, með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við þingfestingardag málsins, 4. febrúar 2021.

#### 5.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldórs Hrannars Halldórssonar lög-manns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast að mestu af tímaskýrslu, 1.950.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun til skipaðs réttargæslu-manns brotþola, Valgerðar Valdimarsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast að mestu af tímaskýrslu, 1.250.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki verður ákærða gert að greiða 437.645 krónur í annan sakar-kostnað samkvæmt yfirlitum ákæruvaldsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari. Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. janúar 2021.

### **D ó m s o r ð :**

Frávísunarkröfu ákærða, Augustin Dufatanye, er hafnað.

Ákærði sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði A 1.800.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 21. mars 2019 til 4. febrúar 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldórs Hrannars Halldórssonar lögmanns, 1.950.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Valgerðar Valdimarsdóttur lögmanns, 1.250.000 krónur, og 437.645 krónur í annan sakarkostnað.

Daði Kristjánsson